

Verklagsreglur fræðsluráðs vegna staðfestingar skóladagatala

Leik- og grunnskólar og tónlistarskóli skulu skila skóladagatali á skrifstofu fræðsluviðs eigi síðar en 15. mars ár hvert. Fræðsluráð afgreiðir og staðfestir skóladagatölin í apríl.

Æskilegt er að haft sé samráð milli leik- og grunnskólastjóra eins og kostur er um gerð skóladagatala innan sama skólahverfis.

Grunnskólar

Skóladagatal er hluti af starfsáætlun skóla ár hvert. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð skóladagatala að höfðu samráði við kennara og skólaráð. Skólaráð staðfestir skóladagatal sem birt er í fundarbókun á heimasíðu hvers skóla. Fræðsluráði ber að staðfesta að skóladagatal sé unnð skv. lögum og reglum þar að lútandi.

Samkvæmt lögum eiga að vera 180 skóladagar að lágmarki á hverju skólaári. Að hámarki mega 10 dagar af þeim vera til annars skólastarfs en kennslu þar sem heimilt er að skerða viðveru nemenda skv. viðmiðunarstundaskrá s.s. vegna skólasetningar, skólaslita, foreldrasamtala, skemmtana og annars sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessir dagar nefnast skertir dagar og skulu auðkenndir sérstaklega. Á skóladagatali skal koma fram m.a. lengd jólaheylis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa. Skóladagar nemenda eru á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.

Í kjarasamningi Félgas grunnskólakennara er kveðið á um að undirbúningsdagar utan starfstíma skóla skuli vera 8. Kalla má kennara til starfa frá og með 15. ágúst ár hvert en fyrr ef hluti starfsþróunar og undirbúnings að sumri er skilgreindur með þeim hætti. Einnig eru 5 starfsdagar á starfstíma skóla kjarasamningsbundnir. Heimilt er að merkja sérstaklega á skóladagatal allt að 10 daga á ári sem uppbrotsdaga.

Að höfðu samráði við hagsmunaaðila getur fræðsluráð ákveðið sameiginlega leyfisdaga allra skóla Akureyrarbæjar.

Fræðsluráð veitir heimild til að hafa tvo tvöfalda daga á hverju skólaári í grunnskólum í tengslum við árhátíð skóla. Er það gert til að veita aukinn sveigjanleika við skipulag skólastarfs.

Leikskólar

Á hverju ári eru 48 klst. stundir ætlaðar fyrir starfsdaga/skipulagsdaga. Í kjarasamningi FL og LNS er kveðið á um að 40 klst. skulu vera að lágmarki fyrir starfsdaga. Fræðsluráð hefur samþykkt að heimila hverjum skóla að auka þann tímafjölda um 8 klst.

Tímasetningar sumarlokana sem eru 20 virkir dagar á ári eru ákveðnar af fræðsluráði.

Fræðsluráð Akureyrarbæjar ákveður í janúar ár hvert fyrir komandi skólaár:

1. Skólasetningardag allra grunnskóla
2. Sameiginlega leyfisdaga allra grunnskóla

Samþykkt í fræðsluráði 4. febrúar 2019